



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163 • skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

www.skutustadahreppur.is

Vatnsveita Skútustaðahrepps – Gjaldskrá

1. gr. Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Skútustaðahreppi sem tengdar eru vatnsveitu Skútustaðahrepps, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr. Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

3. gr. Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjald dagar fasteignagjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum.

4. gr. Breytingar á gjöldum

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. gr. er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda.

5. gr. Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús - og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta.

Vatnsgjald nýtur lögveðrétta í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

6. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004, sbr. 11.

gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, og tekur gildi frá 1. janúar 2018. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsgjald í Skútustaðahreppi.